

**Nr. 19-056 S 041 Hannes Þ. Hafstein & Njörður G****Ásigling og slys á fólki**

Skipaskr.nr. 2593  
 Útgerð: Björgunarbátasjóður SL Suðurnes  
 Smíðaður: England 1982, trefjaplast  
 Stærð: 44,21 brl. 40,73 bt.  
 Mesta lengd: 15,82 m Skráð lengd: 14,80 m  
 Breidd: 5,20 m Dýpt: 2,70 m  
 Vél: Caterpillar 600 kw, 1982  
 Fjöldi skipverja: ??



Hannes Þ Hafstein © Ríkarður Ríkarðsson

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
 Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 1. maí 2019 voru björgunarskipin Hannes Þ. Hafstein og Njörður G á sjóæfingu í Faxaflóa. Veður: Hægviðri og bjart.

Verið var að æfa þrjá skipverja um borð í Nirði G (NG) að leggja upp að Hannesi Þ. Hafstein (HÞH) á ferð en við það snérist NG í öldufrákasti frá HÞH og í veg fyrir stefni hans svo þeir rákust saman. Við áreksturinn klemmdist fótur eins skipverjans við sæti á stjórnþúlti og annar fékk högg á öxl og höfuð. Siglt var með hina slösuðu til hafnar í Keflavík. Í ljós kom m.a. að krossband í hné hafði slitnað hjá þeim sem klemmdist og hinn tognaði m.a. á öxl og upphandlegg.



Mynd 1 Njörður G á siglingu

Aðeins komu rispur á HÞH en ýmsar skemmdir urðu á NG s.s. á stjórnþúnaði og siglingabúnaði ásamt mastri með ljósum og loftnetum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að fram kom að bátsverjar NG töldu sennilegast að fullur ballest tankur af sjó að framan hafi gert það að verkum að báturinn var þyngri fram og haft áhrif á stjórnþæfni hans;
- að bátsverjarnir voru vanir þessum aðstæðum.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.